

1855.
22. marz. á þessu svæði langtum færri að tölu en á Breiðafirði, og að lyktum: Þar eð ekki er ástæða til að gjöra undantekningar frá nýju lagaböði þar sem efi leikur á, heldur einungis þar, sem brýn nauðsyn er sýnd fyrir því, en ekki verði sjöð, að það sje um þessa uppástungu bænaráráðinnar, og hafði konungsfulltrúi einnig ráðið frá henni.

24. marz. **8. Auglýsing frá innanríkisstjórninni um aukagjald fyrir sum utanríkisskip sem sigla til Íslands.**

Eptir uppástungu innanríkisstjórnarinnar hefur Hans Hátign Konunginum 22. dag þ. m. allramildilegast þóknast að skipa svo fyrir, samkvæmt lögunum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. dag aprílmánaðar f. á. 7. gr., að öll utanríkisskip, sem sigla til Íslands til verzlunar, nema þau, sem eiga heima í Stóra-Bretlandi eða Írlandi, eigi fyrst um sinn, frá 1. apríl þ. á. til 31. marz 1856, auk gjalds þess, sem til er tekið í 6. gr. í greindum lögum, enn fremur að greiða 2 rd. aukagjald af hverju lestarrúmi í skipinu eptir dönsku máli, nema því að eins, að skip þegna Danakonungs hafi fullkomnið jafnrjetti við innlend skip í því landi, þar sem skipið á heima, eða að það land, eptir samningi við hina dönsku stjórn, sje undan þegið ákvörðuninni í 7. gr. í opt nefndum lögum.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

28. marz. **9. Tilskipun um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.**

Vjer Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúá alþingis um frumvarp, er fyrir það hefur verið lagt, til tilskipunar um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Á sunnudögum og öllum öðrum dögum, sem eptir lögum þeim, er nú gilda, á að halda heilaga, má, einkum um messutímann, enga ónauðsynlega vinnu vinna, og engar almennar eða hávaðamiklar skemmtanir fara fram, fyrir en eptir miðtaptan,